

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2003-2014, Svínhagi.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. apríl 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2003-2014 frá 14. júlí 2003.

Breytingin felst í því að landnotkun á jörðinni Svínhaga sem skilgreind er sem landbúnaðarsvæði samkvæmt gildandi aðalskipulagi verður svæði fyrir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 20. apríl 2004.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.